

84

10. júní

REGLUGERÐ

um úthlutun og dreifingu smærri dráttarvéla til landbúnaðarþarfa.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppa-bifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl., eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Nefnd sú, er um ræðir í 2. gr. laga nr. 43/1949, skal auk úthlutunar bifreiða hafa með höndum úthlutun smærri dráttarvéla, er fluttar verða til landsins eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og ekki hefur þá þegar verið úthlutað svo bindandi sé.

Einnig getur nefndin sett ákvæði um sölu þeirra dráttarvéla, er hún úthlutar, í samræmi við ákvæði 8. gr. laganna um sölu bifreiða.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. júní 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

85

11. júní

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 131 23. september 1947, um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

Reglugerð nr. 131 23. september 1947, um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, er úr gildi fallin.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. júní 1949.

Emil Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

86

20. júní

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Tónmenntasjóð Stefs“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 20. júní 1949. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónmenntasjóð Stefs.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Tónmenntasjóður Stefs og er eign Stefs, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar. Stofnfé sjóðsins er kr. 12978.80 — tólf þúsund níu hundruð sjötíu og átta 80/100 krónur, og eru það 8% af tekjuafgangi Stefs til 31. desember 1948.

2. gr.

86

20. júní

Tilgangur sjóðsins er að styðja útbreiðslu íslenzkrar tónlistar með því:

- a. að styrkja með fjárframlögum endurrítun, fjölrítun, ljósmyndun eða prentun íslenzkra tónverka eða upptöku þeirra, enda fari Stef með flutningsrétt verkanna;
- b. að styrkja með fjárframlögum flutning íslenzkra tónverka innanlands og utan, ef Stef fer með flutningsrétt þeirra;
- c. að styrkja með fjárframlögum þátttöku Íslendinga í tónlistarmótum hér á landi og erlendis, ef þau geta talizt til stuðnings á útbreiðslu íslenzkra tónverka, sem Stef hefur flutningsrétt að.

3. gr.

Stjórn Stefs annast stjórn sjóðsins og varðveitir og ávaxtar fé hans. Hún má ráðstafa höfuðstólnum í samræmi við ákvæði 2. gr.

4. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu gerðir upp með ársreikningi Stefs af löggiltum endurskoðanda og síðan endurskoðaðir af endurskoðendum Stefs. Eftir það skulu þeir lagðir fyrir aðalfund Stefs til úrskurðar með ársreikningi félagsins og síðan sendir menntamálaráðuneytinu með reikningi Stefs.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

87

21. júní

varðandi innheimtu á veitingaskatti.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. laga nr. 99/1933, skuli, þar til öðruvísi verður ákveðið, frá og með 1. n. m. vera kr. 8.50, enda sé innifalið í því verði andvirði allrar þjónustu.

Fjármálaráðuneytið, 21. júní 1949.

F. h. r.

Einar Bjarnason.

Sig. Áskelsson.